



PERSÓNUVERNDARSTEFNA

MARS 2026

1. Um stefnuna

Hagar hafa einsett sér að vinna með persónuupplýsingar í hvívetna í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nú lög nr. 90/2018, með áorðnum breytingum. Til að ná því markmiði hafa Hagar tekið saman skrá yfir þá vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram hjá félaginu og markað sér stefnu um hvernig staðið verði að slíkri vinnslu, hvernig réttindi hinna skráðu verði tryggð og hvernig félagið sinni skyldum sínum sem ábyrgðar- og vinnsluaðili. Önnur félög samstæðunnar hafa gert slíkt hið sama.

Hagar setja þessa persónuverndarstefnu fram í því skyni að gefa þeim sem standa að vinnslunni og hinum skráðu, þar á meðal starfsfólki og viðskiptavinum, yfirsýn yfir þá vinnslu persónuupplýsinga sem félagið stendur að og þær ráðstafanir sem félagið beitir til að uppfylla skilyrði laganna. Með því stuðlar félagið bæði að því að unnið sé með persónuupplýsingar hjá félaginu á þann veg sem félagið hefur markað sér stefnu um og að hinir skráðu séu upplýstir um hvernig vinnslunni sé háttað og hver réttindi þeirra séu.

Hagar hf., kt. 670203-2120, Holtavegi 10, 104 Reykjavík, er ábyrgðaraðili þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem persónuverndarstefna þessi lýtur að. Hægt er að senda persónuverndarfulltrúa félagsins erindi í tölvupósti á netfangið personuvernd@hagar.is.

Þessi útgáfa persónuverndarstefnunnar er frá 26. mars 2026.

2. Vinnsla persónuupplýsinga hjá Högum

Sú vinnsla persónuupplýsinga sem Hagar eru ábyrgðaraðili fyrir er nær eingöngu takmörkuð við vinnslu upplýsinga um starfsfólk félagsins. Sú vinnsla fer í meginatriðum annars vegar fram í þeim tilgangi að ráða hæft starfsfólk og hins vegar að greiða því rétt laun.

Nánar tiltekið er einkum um að ræða þessar vinnslur: Ráðningarferill, skráning viðveru, orlofs og annarrar fjarveru, launavinnsla og skil á launatengdum gjöldum, aðgangsstýringar að húsnæði og búnaði, auk meðferðar persónuupplýsinga við og eftir starfslok. Þá er einnig unnið með tengiliðaupplýsingar einstaklinga sem koma fram fyrir hönd viðskiptamanna félagsins og vinnsluaðila og annarra verktaka þess.

Heimild til framangreindrar vinnslu, þegar um almennar persónuupplýsingar er að ræða, er því jafnan framangreindir lögmætir hagsmunir sem Hagar gæta en þegar umrædd vinnsla tekur til viðkvæmra persónuupplýsinga, þ.e. einkum upplýsingar um stéttarfélagsaðild eða veikindaforföll, er vinnsluheimildin jafnan sú að vinnslan sé nauðsynleg til þess að ábyrgðaraðili eða hinn skráði geti staðið við skuldbindingar sínar og nýtt sér tiltekin réttindi samkvæmt vinnulöggjöf og löggjöf um almannatryggingar og félagslega vernd og fari fram á grundvelli viðkomandi laga, sbr. einkum laga um stéttarfélög og vinnudeilur eða annarra laga á sviði vinnuréttar, laga um orlof, laga um lífeyrissjóði, laga um tekjuskatt eða annarra laga um opinber gjöld.

Helstu flokkar viðtakenda persónuupplýsinganna utan fyrirtækisins eru lífeyrissjóðir viðkomandi starfsmanna, ríkisskattstjóri, fæðingarorlofssjóður og aðrir opinberir aðilar sem ber lögum samkvæmt að miðla upplýsingunum til. Einnig kann félagið að afhenda vinnsluaðilum sínum persónuupplýsingar til vinnslu

eða veita þeim aðgengi að þeim. Hagar hyggjast ekki miðla persónuupplýsingum til viðtakanda í óöruggu þriðja ríki eða til alþjóðastofnana í skilningi persónuverndarlaga.

Jafnan er miðað við að innan hvers árs sé eytt persónuupplýsingum sem einungis er þörf á til skamms tíma, svo sem upplýsingar um orlofsóskir eða viðveru en að grunnupplýsingar um hinn skráða, svo sem nafn og önnur persónuauðkenni, ráðningarkjör og starfsferil starfsfólks, séu geymd á meðan á sambandi viðkomandi stendur við Haga, svo sem ráðningarsambandi eða verktöku.

3. Réttindi hinna skráðu

Hinir skráðu eiga margs kyns réttindi sem Hagar kappkosta að gæta að, nánar tiltekið rétt til að óska eftir aðgangi að og afriti af persónuupplýsingum sínum, láta leiðrétta þær ef þær eru rangar eða villandi eða láta eyða þeim ef ekki er lengur heimild til að vinna með þær. Að auki eiga hinir skráðu rétt til að flytja eigin gögn eða að vinnsla persónuupplýsinga verði takmörkuð, að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum. Öllum þessum réttindum er nánar lýst í lögum um persónuvernd, sbr. nú 17. og 20. gr. laga nr. 90/2018, en samkvæmt 21. gr. laganna á hinn skráði einnig rétt á að andmæla vinnslunni.

Loks á hinn skráði ávallt rétt á að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd vegna vinnslu persónuupplýsinga um hann. Skrifstofa stofnunarinnar er að Laugavegi 166, 105 Reykjavík og netfang hennar er postur@personuvernd.is.

Engin sjálfvirk ákvarðanataka, þ.m.t. gerð persónusniðs, fer fram í tengslum við vinnslu Haga á persónuupplýsingum.

4. Skyldur ábyrgðar- og vinnsluaðila

Á Högum hvíla margvíslegar skyldur sem ábyrgðaraðila framangreindrar vinnslu persónuupplýsinga. Fyrirtækið uppfyllir þær skyldur einkum með því að setja sér, viðhalda og framfylgja verklags- og vinnureglum um:

- stjórnkerfi upplýsingaöryggis félagsins og tilkynningar um öryggisbresti,
- meðferð beiðna hinna skráðu, einkum um upplýsinga- og aðgangsrétt þeirra,
- undirbúning nýrrar eða breyttrar vinnslu persónuupplýsinga, þ.á m. um uppfærslu vinnsluskrár, sjálfvirka ákvarðanatöku og persónusnið, framkvæmd mats á áhrifum á persónuvernd og fyrirframsamráð við Persónuvernd,
- innkaup og gerð nýrra upplýsingakerfa og viðskiptaferla, þ.á m. um innbyggða og sjálfgefna persónuvernd,
- gerð vinnslusamninga og eftirlit með vinnsluaðilum og
- innra eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga.

Þá veita Hagar öðrum félögum í samstæðunni ýmiss konar þjónustu, svo sem upplýsingatækniþjónustu og öryggisþjónustu, auk þess sem félagið rekur vildarkerfi fyrir viðskiptavinum nokkurra félaga í samstæðunni. Í

Þeim verkum koma Hagar fram sem vinnsluðili félaganna þegar verkefnunum fylgir vinnsla persónuupplýsinga en slík vinnsla getur tekið til persónuupplýsinga jafnt starfsmanna sem viðskiptavina þeirra félaga. Í þeim tilvikum gera Hagar vinnslusamninga við viðkomandi félög um vinnsluna.

5. Um Haga

Hagar er verslunarfyrirtæki með starfsemi á Íslandi, í Færeyjum og í Hollandi en féagið er leiðandi á íslenskum dagvöru- og eldsneytismarkaði. Félög samstæðunnar á Íslandi starfrækja matvöruverslanir, þjónustustöðvar og ÓB-sjálfsafgreiðslustöðvar, vöruhús, framleiðslustöð, netverslun með matarpakka, birgðaverslun og sérvöruverslun. Kjarnastarfsemi Haga á Íslandi er á sviði dagvöru og tengdra vöruhúsa, auk eldsneytissölu. Í Færeyjum starfrækja Hagar verslunarfélagið SMS sem er leiðandi á færeyska markaðinum en SMS rekur m.a. dagvöruverslanir, veitingastaði og sérvöruverslanir. Í Hollandi starfrækja Hagar eina netverslun með áfengi. Fyrirtæki Haga eru starfrækt í dótturfélögum sem eru rekin sem sjálfstæðar rekstrareiningar og hafa ólík rekstrarform og menningu. Rekstrareiningar Haga eru Bónus, Hagkaup, Olís, Aðföng, Bananar, Stórkaup, Noron, Eldum rétt, Hagar Wine og SMS.

Þannig samþykkt 26. mars 2026

Stjórn Haga hf.